

Dómsorð:

Stefnda, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði stefnanda, Ágúst Fjeldsted f. h. Johannes Iversens, kr. 9327.54 með 6% árs-vöxtum frá 30. júní 1954 til greiðsludags og kr. 1400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. október 1960.

Nr. 38/1960. **Ákærvaldið** (Guðmundur Pétursson hrl.)
 gegn
Stefáni Guðna Ásmundssyni
 (Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóupprátt stað v/b Reynis II, NK 47, samkvæmt mælingum gæzluflugvélarinnar Ránar hinn 25. ágúst 1959, kl. um 1547. Reyndist staður bátsins 3.7—3.8 sjómíliur innan þeirra 4 sjómílna fiskveiðimarka, sem um ræðir í 1. gr. reglugerðar nr. 87/1958, og kemur það heim við staðarákvörðun löggæzlumanna í flugvélinni Rán.

Ákærði hefur með því að vera á dragnótaveiðum á nefndum stað gerzt sekur við ákvæði 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 87/1958, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 70/1958 og lög nr. 44/1948. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 87/1958 og 6. gr. reglugerðar nr. 70/1958 varðar þetta hann viðurlögum eftir 4. (áður 3.) gr. laga nr. 45/1937, sbr. lög nr. 83/1945 og lög nr. 31/1951.

Afli sá, sem var í v/b Reyni II, þegar ákærði var staðinn að ólöglegum veiðum hinn 25. ágúst 1959, hafði verið lagður á land og var ekki fyrir hendi sérgreindur, er réttarpróf hófust yfir ákærða í sakadómi Neskaupstaðar hinn

26. september 1959. Verður því að fella niður ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla. Hins vegar voru þá enn í bátnum veiðarfæri þau, sem notuð höfðu verið til hinna ólöglegu veiða. Í málflutningi fyrir Hæstarétti kom fram, að veiðarfærin voru aldrei tekin úr vörzlum ákærða, og samkvæmt vottorði héraðsdómara brunnu veiðarfærin hinn 25. nóvember 1959. Verður upptaka þeirra því ekki heldur dæmd.

Refsing ákærða þykir með tilliti til þess, að upptaka er ekki dæmd, og þess, að 1724.21 pappírskrónur jafngilda nú 100 gullkrónum samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands, hæfilega ákveðin kr. 10.000.00 sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Guðni Ásmundsson, greiði kr. 10.000.00 sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstatrétti, hæstaréttarlögmannanna Guðmundar Péturssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Neskaupstaðar 16. október 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. september s.l., er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Stefáni Guðna Ásmunds-

syni skipstjóra, Neskaupstað, með ákæruskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra 3. september s.l., fyrir að hafa þriðjudaginn 25. ágúst s.l. verið að ólöglegum dragnótaveiðum á v/b Reyni II, NK 47, út af Skaptárósvita, allt að 3.8 sjómílur innan 4 mílna markalínu samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952 um verndun fiskimiða umhverfis Ísland.

Brot þetta er talið varða við 1. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 45/1937 um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1940 um breyting á þeim lögum og 1. gr. laga nr. 31/1951 um breyting á sömu lögum, svo og við 1. gr., sbr. 5. gr., reglugerðar nr. 21/1952 og 1. mgr. 3. gr., sbr. 6. gr., reglugerðar nr. 70/1958 um fiskiveiðilandhelgi Íslands, sbr. 1. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 87/1958 um viðauka við þá reglugerð,

Krafizt er, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar, svo og að afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, verði gerð upptæk samkvæmt 4. gr. laga nr. 45/1937, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1951.

Ákærði er kominn yfir lögdur sakamanna, fæddur 8. maí 1925 á Norðfirði, og hefur ekki, svo að vitað sé, sætt kærú né refsingu.

Málavextir eru þessir samkvæmt skýrslu landhelgisgæzlunnar:

Þriðjudaginn 25. ágúst s.l. var gæzluflugvélín TF Rán á eftirlitsflugi fyrir suðurströnd landsins. Kl. 1544 sást bátur grunsamlega nærri landi. Um kl. 1547 var gerð eftirfarandi staðar-ákvörðun yfir vélbátnum Reyni II, NK 47:

Skaptárós í réttv. 310°, 1.7 sm í næsta land.

Áhöfn flugvélarinnar sá, að Reynir II var bersýnilega á dragnótaveiðum, og sáust tógin liggja þvert út frá stjórnborðshlið bátsins, og var hann að hífa inn. Sáust blaut tóg fyrir framan spil, og eins í bakborðsgangi. Flogið var yfir bátnum frá kl. 1547 til kl. 1620 og fylgzt vel með öllum athöfnum skipverja á tímabilinu. Kl. 1610 komu tveir hlerar í ljós, setti báturinn þá á ferð og beygði um leið til stjórnborða. Kl. 1612 stöðvaði báturinn ferð sína, og komu þá í ljós netakúlur og vængir dragnotarinnar. Kl. 1613 byrja skipverjar að draga netið á handafli á stjórnborðssiðu. Er báturinn var yfirgefinn kl. 1620, stóð pokinn beint niður með síðu bátsins, og skipverjar virtust hættir vinnu sinni. Ekkert samband var haft við bátinn.

Vitnið Pröstur Sigtryggsson, skipstjóri á gæzluflugvélinni, staðfesti skýrsluna. Ítrekar hann, að áhöfn flugvélarinnar hafi séð einkennisstafi bátsins, NK 47, mjög vel. Vitnið taldi, að megin-

hluti aflans hafi verið flatfiskur, og markar hann það af því, hvernig pokinn lá niður með bátshlið. Staðarmælingar voru gerðar af vitninu, loftskeytamanni og siglingafræðingi með ratsjá og áttavita. Minnsta fjarlægð frá bátnum til lands var 1.7 sjómíllur, en það gefur stað bátsins um 3.8 sjómíllur innan 4 mílna markalínunnar á þessum slóðum. Samband var ekki haft við bátsverja, þar sem vitnið vildi ekki kalla í talstöðina á bátabylgjunni, meðan eftirlitsferð var ekki lokið.

Vitnið Guðjón Benedikt Jónsson, flugmaður á gæzluflugvélinni, Rauðalæk 57, var við stjórn flugvélarinnar og gerði þess vegna ekki staðarmælingar. Hann sá einkennisstafi bátsins NK 47 og 4 skipverja. Hann skýrir frá því, að flogið var lágt yfir bátnum, allt niður í 200 fet. Hann staðfestir einnig skýrslu landhelgisgæzlunnar að því leyti, sem hann veit um.

Vitnið Garðar Ingi Jónsson, loftskeytamaður á gæzluflugvélinni, Hagamel 43, staðfestir skýrslu landhelgisgæzlunnar. Hann sá einkennisstafina NK 47 greinilega. Hann sá einnig togstrengi út af stjórnborðssíðu bátsins, þegar að var komið, og að skipverjar drógu tógin inn á vindu bátsins. Hann sá, er hlerar komu upp við bátshliðina, og síðan voðina. Vitnið skýrir frá því, að gæzluflugvélin sveimaði allengi yfir bátnum, og voru þá gerðar staðarmælingar, en vitnið aðstoðaði við ratsjármælingar og staðhæfir, að fjarlægð vélarinnar til lands, þegar hún var beint yfir bátnum, hafi verið 1.7 sjómíllur samkvæmt ratsjánni.

Vitnið Björn Jónsson, stýrimaður og flugmaður, Grenimel 40, var siglingafræðingur á gæzluflugvélinni í nefndri eftirlitsferð. Hann staðfestir skýrslu landhelgisgæzlunnar. Hann sá einkennisstafi bátsins NK 47 mjög greinilega. Hann sá einnig togstrengi þvert af stjórnborðssíðu og að þeir voru dregnir inn á togvindu bátsins. Síðar sá vitnið 2 hlera koma upp og sömuleiðis voðina með kúlum. Loks sá hann, er skipverjar drógu inn hluta voðarinnar, er sveimað hafði verið yfir bátnum í röskan hálf tíma. Vitnið var við áttavitann, þegar staðarmælingar voru gerðar, en hafði ekki aðstöðu til að líta samtímis í ratsjána. Áttavitinn sýndi réttv. 310°, þegar vélin var beint yfir bátnum. Flogið var í stefnu á Skaptárósvita, og tilkynnti loftskeytamaður þá fjarlægðina 1.7 sjómíllur. Vitnið setti stað bátsins út í kort ásamt Þresti Sigtryggssyni, eftir að gæzluförinni var lokið. Vitnið taldi vafalaust, að báturinn hafi verið að ólöglegum fiskveiðum innan fiskveiðitakmarkanna í umrætt sinn.

Ákærði, Stefán Guðni Ásmundsson, skipstjóri á v/b Reyni II, NK 47, kvað sér vera fullljóst, að hann hafi verið fyrir innan 4 mílna mörkin að dragnótaveiðum. Skip hans, Reynir II, NK 47, fór frá Vestmannaeyjum kl. 18—19 þann 24. ágúst s.l. Var haldið austur í Meðallandsbugt og komið þangað næsta morgun. Voru tekin 2 hól með dragnót bátsins, sem er venjuleg dragnót, búin litlum hlerum. Aflinn varð 150—180 kg af langlúru, 40—50 kg af rauðsprettu og 150—180 kg af ýsu. Þetta var ofan við „Hól-inn“ og því utan við 4 mílna mörkin. Næst var kippt og kastað nær landi og togað í 20—30 mínútur. Var báturinn staddur þar, sem flugvélin kom að honum, þegar dregið var inn. Aflinn í þessu togi var 100—120 kg stór rauðsprettu, ca 30 kg ýsa og 50—70 kg langlúra. Skipverjar urðu varir við flugvélina og undruðust, að ekki skyldi haft samband við þá, enda þótt þeir stilltu talstöðina strax á kallbylgjuna. Vegna þessa taldi ákærði, að hann yrði ekki kærður fyrir fiskveiðibrot sitt. Þess vegna hélt hann veiðiferðinni áfram. Fór hann strax austur fyrir Ingólfshöfða og var þar að veiðum í 1 dag, og síðan 1 dag út af Stokksnesi. Síðan héldu þeir til Neskaupstaðar og lögðu aflann upp þar. Aflinn, eftir brottförina frá Skaptárósi, var 450 kg koli, 115 kg langlúra, 260 kg ýsa og 300 kg steinbítur, 1280 kg úrgangur. Kemur þetta heim við heildaraflamagn úr veiðiferðinni samkvæmt creditnótu frá Samvinnufélagi útgerðarmanna Neskaupstað, sem lögð er fram í dóminum. Ákærði hefur ekki óskað eftir, að sér yrði skipaður verjandi í máli þessu, en hann hefur bent á sér til málsbóta, að hann hefur enga tilraun gert til þess að skjóta sér undan ábyrgð af broti sínu. Hann hefur aldrei áður verið sakaður um fiskveiðibrot, og hann tók aðeins eitt tog innan markalínunnar. Hann benti einnig á, að veiðarfærin eru orðin verðlítill, og fer þess á leit, að afli, veiddur eftir brotið í sömu veiðiferð, verði ekki gerður upptækur.

Af játningu ákærða og stutt af vitnisburðum vitna er sannað, að ákærði var að ólöglegum veiðum með dragnót á skipi sínu Reyni II, NK 47, 3.8 sjómíllur innan 4 mílna markalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952 um verndun fiskimiðanna umhverfis Ísland, út af Skaptárósvita, þriðjudaginn 25. ágúst 1959, kl. 15—1600, og veiddi þar 100—120 kg af stórri rauðsprettu, ca 30 kg af ýsu og 50—70 kg langlúru.

Með þessu athæfi sínu hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 45/1937 um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1940 um breytingu á lögum nr. 45/

1937 og 1. gr. laga nr. 31/1951 um breytingu á lögum nr. 45/1937, svo og við 1. mgr. 3. gr., sbr. 6. gr., reglugerðar nr. 70/1958 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 1. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 87/1958 um viðauka við reglugerð nr. 70/1958.

Ekki virðist ástæða til að heimfæra brotið undir reglugerð nr. 21/1952, þar sem hún var numin úr gildi með 7. gr. reglugerðar nr. 70/1958.

Eftir atvikum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 5000.00 króna sekt til Fiskveiðisjóðs Íslands, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Einnig ber að bera upptæk afla og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, v/b Reynis, NK 47, samkvæmt 4. gr. laga nr. 45/1937, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1951. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þenna kváðu upp Axel V. Tulinius bæjarfógeti og með-dómsmennirnir Ármann Eiríksson og Jón Ölvesson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Guðni Ásmundsson, greiði 5000.00 króna sekt til Fiskveiðisjóðs Íslands, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri v/b Reynis II, NK 47, skulu ger upp-tæk, og rennur andvirðið til Fiskveiðisjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
